AKUREYRARBÆR
Samfélags- og mannréttindadeild

**Efni: Sundstyrkur landsliðsmanna**

**Markmið:** Að Akureyrarkaupstaður styðji á eftirtektarverðan hátt við hæfileikaríkt íþróttafólk. Veita landsliðsiðkendum aðildarfélaga ÍBA viðurkenningu fyrir góðan árangur á undangengnu ári. Allir iðkendur sem eru skráðir í aðildarfélög ÍBA og keppa sannanlega undir merkjum aðildarfélaga ÍBA eru gjaldgengir til styrkveitingarinnar.

**Umsjón:** Forstöðumaður íþróttamála

**Viðurkenning:** Íþróttaráð veitir iðkendum sem eru á 18. aldursári og eldri innan aðildarfélaga ÍBA sem keppa/spila fyrir Íslands hönd á tímabilinu 1. jan.- 31. des ár hvert fá frían aðgang að sundlaugum Akureyrar.

**Ferli:**

- Viðurkenningin er deilt út í byrjun janúar ár hvert fyrir landsliðsverkefni undangegnins árs.
- Aðildarfélög sækja um viðurkenninguna fyrir hönd iðkenda.
  - Aðildarfélög skila inn eyðublöðum þar sem tekið er fram nafn, fæðingarár, póstnúmer lögheimilis, íþrótt og/eða grein sem viðkomandi keppti í og a.m.k. eitt mót/viðburður sem viðkomandi keppti á fyrir Íslands hönd **ásamt staðfestingu sérsambands á landsliðsverkefninu.**
- Í byrjun janúar getur viðkomandi nálgast sundstyrkinn í afgreiðslu Sundlaugar Akureyrar.

**Fyrirvarar:** Landsliðsmaður getur aðeins fengið eitt sundkort á ári þrátt fyrir fleiri en eitt landsliðssæti/verkefni
Iðkandinn stendur sjálfur straum af kostnaði við sundkortinu (plastið).
Til að fá styrkinn þarf iðkandinn að hafa lögheimili á Akureyri.
Sundstyrkurinn gildir frá 10. janúar til 9. janúar ár hvert.
Íþróttaráð úrskurðar um undanþágutilfelli.

*Samþykkt í íþróttaráði 4. febrúar 2016.*